

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNAEFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 176176. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 2. nóvember 2023  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir og Valgerður Hlín Kristmannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, skipulagsráðgjafi Snæfellsbæjar, kom til að kynna skipulagsmál í Ólafsvík.

Ragnar Már Ragnarsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

## Dagskrá:

### 1. Letisund 3 - Umsókn um byggingarlöð - 2310013

Þórður sækir fyrir hönd Vélsmiðju Grundarfjarðar um lóð að Letisundi 3, Rifí, fyrir léttan iðnað. Fyrirhugað er að reisa þar 800-1000 fm (40x20 m eða 50x20 m) geymslu- og lagerhúsnæði úr stálgrind en húsið mun vera alveg eins og hús Vélsmiðjunnar sem staðsett er í Grundarfirði. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en val lóðar og afmörkun verði yfirfarin með umsækjanda og lóðarhöfum aðlægra lóða. Gengið verði frá breytingu deiliskipulags.*

Jákvætt

### 2. DSK\_Nýtt deiliskipulag við Dalbrekku, Ólafsvík - 2310009

Kynnt eru frumhugmyndir vegna nýs hverfis austast í Ólafsvík, Dalbrekku.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel i hugmyndir og felur skipulagshöfundi að vinna málid áfram.*

Kynnt

### 3. ASK\_Breyting aðalskipulags við Dalbrekku, Ólafsvík - 2310010

Kynntar eru frumhugmyndir um aðalskipulagsbreytingu vegna nýs hverfis austast í Ólafsvík, Dalbrekku.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel i hugmyndir og felur skipulagshöfundi að vinna málid áfram.*

Kynnt

### 4. DSK\_Nýtt deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Ölkeldu - 2310011

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir 7 lóðir fyrir fristundahús i landi Ölkeldu. Hús verði lágreist og allt að 140 fm að stærð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina lýsingunni í kynningu.*

*Samþykkt*

### 5. Gamli Kaupstaður\_Umsókn um breytingu deiliskipulags - 2311001

Arnaldur Schram sækir fyrir hönd landeiganda um beiðni til að hefja deiliskipulagsbreytingu að Gamla Kaupstað.

*Erindi tekið inn með afbrigðum.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi erindið og frestar því til næsta fundar.*

*Frestað*

### 6. Túnbrekka 2 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir svöllum og bílskýli - 2310006

Jóhann Eiriksson sækir um byggingarleyfi fyrir bílskýli og svöllum við hús sitt að Túnbrekku 2. Verönd við NV gafl húss verður lengd út frá núverandi bílastæði og steinsteypt þannig að úr verði svalir. Undir svölunum er fyrirhugað bílskýli. Gluggi á efri hæð á NV gafla víkur fyrir rennihurð. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um brunavarnir og skilyrði byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

### 7. Fyrirspurn varðandi skika fyrir lítið sumarhús á Hellissandi - 2310012

Þorgrímur Þráinsson sendir inn fyrirspurn til umhverfis- og skipulagsnefndar þar sem hann óskar eftir leyfi til að setja niður sumarhús/heilsárshús á óbyggðu landi nærri sjó norðaustan við Hellissand.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem svæðið sé ekki inni á skipulagi og er mögulegt framtíðar byggingarsvæði vegna stækunar þéttbýlis. Umsækjanda er boðið til viðtals á tæknideild Snæfellsbæjar til að ræða aðra möguleika.*

*Hafnað*

### 8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Sæluhúsið

Ástand sæluhússins rætt. Nefndin beinir til bæjarstjórnar þeirir hugmynd að mynda samstarf Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og sveitarfélagsins um varðveislu hússins og sögu þess. Húsið er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og athuga mætti með styrk frá Uppbyggingarsjóði ferðamanna.

- Spennustöð við Norðurtanga 4 rædd.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45.**

Kristjana Þorvarðsson  
Jón Þorvarðsson  
Björn Þorvarðsson  
Hildigunn Þorvarðsson

2  
Masuri Þóra  
Halldóra Þóra